



VÍSIR



Málgaagn Ungmennafélagsins Mána í Nesjum

Ritstjórnar og ábyrgðarmenn: Sigurður Óskar Jónsson og Sveinn Rúnar Ragnarsson

Fylgt úr hlaði

Vísir kemur nú út í fimmta sinn í núverandi mynd. Árið sem nú er að líða var á hefðbundnum nótum hjá UMF Mána. Frjálsþróttastarfið er í lægð, en við höldum nú alltaf þrettándagleði og 17. júní hátíðlegan. Mánamenn hafa farið í vetrargöngu 30. desember undanfarin ár og er sá viðburður alltaf að festa sig betur í sessi.

Í þessu blaði er stiklað á stóru yfir það sem gert hefur verið á árinu. Knattspyrnudeild Mána, sem tók þátt í 4. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu, skipar líka nokkurn sess í blaðinu.

Þá er í blaðinu yfirlit yfir viðburði í Nesjum um hátíðirnar og nokkrar þrautir og gátur sem lesendur geta spreytt sig á yfir jólakonfektinu. Greint verður frá lausnum þrautanna að lokinni vetrargöngu, 30. desember.

Starfsemin á árinu 2014

Starfsemin á árinu var með venjubundnum hætti. Aðalfundur Mána var haldinn 23. febrúar s.l. og á hann mættu 8 félagsmenn. Ársþing

USÚ var haldið 31. mars í Nýheimum og fulltrúar frá Mána mættu á það.

Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jóla og var sú nýbreytni þetta árið að mál gagninu var dreift í allar sveitir í Austur-Skaftafellssýslu.

Vetrargangan fór fram 30. desember 2013 í slabbi og rigningu, og sannaðist þá hið fornkeðna að ákveðið magn af mótlæti þarf til að innbyrða meðlætið. Gengið var frá Mánagarði og niður á hestavöll. Þaðan niður eftir varnargarðinum meðfram Laxá, eftir reiðveginum meðfram Hoffellsá, aftur að hestavellinum og til baka í Mánagarð. Göngumenn voru veðurbarðir og sátir að göngunni lokinni og höfðu nýja árið til að undirbúa sig andlega og líkamlega fyrir næstu vetrargöngu.

Hin árlega Þrettándagleði var haldinn niður á Völlum þann 6. janúar. Veðrið var fallett og brennuefnið þurrt og gott. Vel tókst að láta bálköstinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo með flugeldasýningu sem var, líkt og fyrri ár, mjög tilkomumikil.

Að venju var Þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var gott, þurrt og hlýtt enda var þetta einn af fáum dögum þetta sumarið sem viðraði til heyskapar. Göngufólkið var flutt með sirkusvagninum að gömlu flugbrautinni niður á Völlum en þar eru nú kartöflugarðar. Gengið var niður veginn milli skjólbeltanna að ánni, síðan í vestur að Ármótahylnum þar sem Laxá og Hoffellsá mætast. Þaðan lá leið upp varnargarðinn meðfram Laxá þar til að sirkusvagninum var komið. Síðan var fólkið flutt að Mánagarði þar sem grillaðar voru pylsur og

farið í leiki. Stjórn Mána þakkar öllum sem mættu, kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá 18. desember s.l. Það var líkt og undanfarin ár keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi. Það var kannski lán í óláni að ekki vannst tími til að koma því upp fyrr, því það væri örugglega fokið út í hafsauga ef það hefði verið komið upp.

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána

Á liðnu sumri tók UMF Máni þátt í nýstofnaðri 4. deild KSÍ og var það í fyrsta skipti sem félagið tók þátt í deildarkeppni, utanhúss, á vegum KSÍ. Þriggja manna stjórn undir forystu Reynis Ásgeirssonar var kosin til að fara með málefni knattspyrnudeildarinnar.

Mikill áhugi ríkti fyrir því að spila með félaginu og voru hvorki meira né minna en 44 félagaskipti gerð yfir í Mána. Gunnar Ingi Valgeirsson tók að sér yfirumsjón með æfingum og var hann skipaður spilandi þjálfari liðsins.

Æft var tvisvar í viku á Mánavelli og ávallt var góð mæting. Mótið hófst 20. maí og fyrsti leikur Mána var gegn Þrótti Vogum á útivelli. Alls voru spilaðir 12 leikir þetta sumarið og var helmingur þeirra á útivelli. Vel gekk að manna í allar ferðir. Spilamennska liðsins batnaði með hverjum leik en þó féllu úrslitin ekki með Mánamönnum og á endanum sat félagið á botni riðilsins. En Róm var ekki byggð á einu degi og því er félagið staðráðið í að mæta aftur til leiks að ári í 4. deildinni og gera betur.

Illviðri

Í desember hefur talsvert verið um illviðri um allt land en þó hefur ekki mikið tjón hlotist af. Það má þakka þeim öflugum almannavörnum sem Íslendingar búa að og gera landsmönnum viðvart í tæka tíð. Þeirra naut þó ekki við 7. janúar 1886 þegar hinn svokallaði Knútsbylur gekk yfir landið. Hann olli miklu tjóni, þó sérstaklega í Múlasýslum þar sem manntjón varð. Í ævisögu Þorleifs Jónssonar í Hólum er getið um tjón af völdum bylsins hér í sýslu, en sjálfur missti hann 50 fjár. Við skulum grípa niður í frásögn Þorleifs.

Annars staðar í Nesjum varð hvergi eins mikill fjársskaði og í Hólum og á Austurhól. Eftir veðrið fór smám saman að fréttast um ástandið hér í kring. Í Þinganesi fórst um 20. Bergur Jónsson, bóndi á Austurhól, missti nær helming af sínu fé; aðrir fjárskaðar ekki teljandi hér; sumir ekki búnir að láta út, og aðrir höfðu verið við féð og komið því strax í húsin.

Í Lóni urðu allmiklir fjárskaðar á nokkrum bæjum. Stefán Jónsson, Krossalandi, missti mestallt fullorðna féð, sömuleiðis Sigurður Sigurðsson, Vík. Á Hvalnesi fórst milli 20 og 30. Í Flatey á Mýrum hrakti 5 hross í sjóinn. Jón Jónsson, bóndi í Hólmi, missti flestallt sitt fé. Á Borg varð allmikið fjártjón.

Í Suðursveit kom veðrið líka allóþyrmilega við. Kálfafellstaðakirkja, svo að segja nýbyggð, fauk af grunni, og tættust brotin úr henni víðs vegar. Í henni var auk vanalegs messuskrúða kistur, fatnaður, vinnuull o.fl. Fór það mestallt alveg út í veður og vind eða skemmdist mjög. Þá dráput og nokkur hross í Suðursveit. Varð því mjög tilfinnanlegur skaði þar bæði fyrir söfnuð og prest.

(Þorleifur í Hólum, ævisaga; 1954: bls 174-175).

Viðburðir í Nesjum um hátíðirnar

25. desember, jóladagur:

Hátíðarguðspjónusta í Bjarnaneskirkju kl. 14:00.

27. desember:

Jólaball Kvenfélagsins Vöku, hefst kl. 15:00 í Mánagarði.
Rétt er að geta þess að aðgangur er ókeypis.

28. desember:

Hátíðarguðspjónusta í Hoffellskirkju kl. 14:00.

30. desember:

Vetrarganga Mána 2014, lagt af stað frá Mánagarði kl. 13:00.

Félagsvist Kvenfélagsins Vöku, fyrsta kvöld af þremur.
Hefst kl. 20:30 í Mánagarði.

6. janúar 2015, þrettándinn:

Þrettándagleði kl. 20:30, niðri á Völlum við Laxá í Nesjum.

Jólaþrautir U.M.F. Mána

1. *Stúfur datt ofan í djúpa, djúpa sandgryfju, alveg niður á botn. Gryfjan er 10 metra djúp! Þetta er hræðilegt því að enginn veit af honum, enginn heyrir hann kalla, enginn kemur honum til hjálpar. Stúfur fer að reyna að krafla sig upp eftir sandbakkanum. Hann kemst 5 metra upp en þá þarf hann að stoppa til að hvíla sig og rennur á meðan 4 metra niður aftur. Hver lota tekur eina klukkustund. Úff, þetta er bæði erfitt og seinlegt.*

Hversu margar klukkustundir tekur það aumingja Stúf með þessu áframhaldi að komast alla leið upp úr gryfjunni?

2. *Kristnir í þær fóru forðum,
ferð um stjörnur himingeima,
um þig farið fögrum orðum,
ferðalag sem þú vilt gleyma.*
3. *Á vinnustað nokkrum eru $5/9$ starfsmanna konur. $3/8$ af körlunum eru einhleypir og $1/3$ af einhleypu körlunum er eldri en 50 ára. Hve stór hluti starfsmanna er einhleypir karlar undir 50 ára aldri?*

4. *Maður nokkur kemur að dyrum þar sem honum verður aðeins hleypt inn ef hann kann aðgangsorðið. Dyravörðurinn er eldri maður sem býðst til að gefa honum setningu sem lesa megi aðgangsorðið út úr. Gamli maðurinn segir síðan:
„Vitur maður veit að heimskingi opnar dyrnar”
Hvert er aðgangsorðið?*

5. *Eineggja tvíburar ganga saman eftir götu í ónefndum bæ og mæta ungum manni sem er frændi annars tvíburans en ekki hins. Hvernig má það vera og hvernig er hann tengdur hinum?*

Svörin við þrautunum verða kynnt að lokinni vetrargöngu Mána þann 30. desember næstkomandi.

Svörin úr síðasta blaði voru: lag, botn og stafir.

*Gledileg jól og farsælt
komandi ár.*

Þökkum árið sem er að líða